



Tilkynning

ÍM-50 2022

Ágætu félagar.

Íslandsmeistaramótið í 50m laug verður haldið í Laugardalslaug í Reykjavík dagana 8-10. apríl nk.

SKRÁNINGAR

Skráningarfrestur rennur út **priðjudaginn 22. Mars**. Við minnum á að skila „Proof of Time“ skjali samhliða skráningum. Öðruvísi verða skráningar ekki teknar gildar.

Félög skulu skila inn skráningum úr Splash Team Manager en skráningarformið er að finna á [heimasíðu mótsins](#). Einnig er í boði að skrá rafrænt á dagatali Swimrankings á www.swimrankings.net/manager. Ekki verður tekið við skráningum í öðru formi nema við sérstakar kringumstæður.

Leiðbeiningar: <https://www.swimrankings.net/index.php?page=entryDetail>

Við biðjum þjálfara og formenn að virða þessar dagsetningar og kynna sér vel reglur varðandi skráningar á sundmót SSÍ.

Skráningar og fyrirspurnir sendast með rafrænum hætti á sundmot@iceswim.is. Félög skulu skila inn lista yfir þjálfara og liðstjóra samhliða skráningum sundmanna.

Íslandsmót fatlaðra verður áfram haldið á sama tíma í samstarfi við Íþróttasamband Fatlaðra (ÍF). Það þýðir að keppendur undir ÍF munu sýnda með keppendum SSÍ í riðlum.

Keppendur ÍF verða á öðrum lágmarkum en keppendur SSÍ en verða engu að síður raðað í riðla eftir skráðum tíma. Kept verður eftir reglugerð SSÍ. Allir keppendur mótsins, sem skráðir eru á tíma undir lágmarkum SSÍ, eiga rétt á að sýnda í úrslitum mótsins.

SKRÁNING STARFSMANNA MÓTSINS

Skráningar dómara sendast á Dómaranefnd SSÍ – skraningssimot@gmail.com. Nánar um skráningu starfsmanna, annarra en dómara, hér að neðan.

Skráning starfsmanna, annarra en dómara, á ÍM50 verður í opnu Google Doc skjali sem hægt er að skoða hér:

[Starfmannaskráning ÍM50 2022](#)

Hægt er að skrá sig í skjalið beint og uppfærast það sjálfkrafa. Því er tryggt að nýjasta útgáfan er alltaf sú sem þú skoðar.

Ef villa er í skjalinu eða vandræði að skrá, vinsamlegast hafið þá samband á sundmot@iceswim.is eða 663-0423 (Emil)

Náist ekki fullnægjandi skráning starfsmanna á mótshluta, verður þeim mótshluta frestað og/eða aflýst.

BREYTING Á DAGSKRÁ MÓTSINS

4X100m blönduð boðsund hafa verið tekin út af dagskrá ÍM50 en verða þess í stað á SMÍ.

Nánari upplýsingar, reglugerðir, lágmörk og annað er að finna á ÍM50 síðunni á heimasíðu SSÍ:

<http://www.sundsamband.is/sundithrottir/sundmot/im-50/>

*Með sundkveðju,
Emil Örn Harðarson
Mótastjóri SSÍ
663-0423*